Reykjavíkurborg

Reykjavík, 2. mars 2022
SFS22020123

SVAR VIÐ FYRIRSPURN

Viðtakandi: Skóla- og frístundaráð
Sendandi: Helgi Grímsson, sviðsstjóri skóla- og frístundaráðs

---

Svar við fyrirspurn Flokks fólksins um stöðu innleiðingar rafrænna lausna

Á 223. fundi skóla- og frístundaráðs, 25. janúar 2022, lagði skóla- og frístundaráðsfulltrúi Flokks fólksins fram svohljóðandi fyrirspurn:

> *Á fundi skóla- og frístundaráðs var farið yfir fjárhagsáætlun sviðsins og talað um kostnað vegna Stafrænnar grósku eins og það var orðað. Fulltrúi Flokks fólksins óskar eftir upplýsingum frá skóla- og frístundasviði hvað af þeim rafrænum/stafrænu lausnum sem ákveðið hefur verið að sviðið fái á kjörtímabilinu eru komnar í fulla virkni og farnar að skila tímasparnaði. Hvaða lausnir eru rétt ókomnar og hvaða lausnir eru enn á tilraunastigi eða í þróunarfasa? Og hvaða raf/stafrænar lausnir, ef einhverjar, sem áttu að vera tilbúnar núna er ekki fyrirsjáanlegt að komist í virkni á þessu ári? Óskað er eftir upplýsingum um ástæður fyrir af hverju þær lausnir komust aldrei í notkun eins og ráðgert var. Fulltrúi Flokks fólksins lagði fram spurningu á fundinum en óskað var eftir að hún yrði lögð fram með formlegum hætti og er það hér með gert.*

Svar:

Stafræn Gróska er innleiðing á námstækjum 1:1 (eitt tæki fyrir hvern nemanda) í grunnskóla borgarinnar til að hraða innleiðingu á starfrænni tækni í skólastarfi. Samhliða fjölgun námstækja miðar Stafræn gróska að því að byggja upp kennsluráðgjöf og styðja þar með við framþróun í skólastarfi.

Tækið eitt og sér breytir litlu. En að nemendur hafi tæki til afnota alla daga breytir forsendum í námi, eykur möguleika á margskonar stuðningi og fjölbreyttari verkefnavinnu.

Brátt lýkur afhendingu 4865 nýrra tækja til skólanna en árið 2023 er gert ráð fyrir að afhenda um 2000 námstæki til viðbótar, um 1500 á miðstig og um 500 fyrir nemendur með fjölbreyttar þarfir í 1. – 4. bekk. Á árinu 2021 stóðu Mixtúra og Stafræn gróska fyrir 167 viðburðum sem 2613 þátttakendur sóttu til að fræðast um hvernig nýta mætti tækin til kennslu og verkefnavinnu í skólum borgarinnar.

Dæmi um rafrænar/stafrænar lausnir sem eru komnar í fulla virkni og farnar að skila tímasparnaði má nefna:

- **Rafrænar undirritanir**
  Miðlæg lausn fyrir starfsmenn borgarinnar.
- **Verkefnastjórnunarkerfi**
  Framkvæmdastjórn skóla- og frístundasviðs starfar nú eftir nýju verklagi.
- **Hlaðan**
  Nýtt upplýsingakerfi borgarinnar.

Aðrar lausnir sem eru í lokavinnslu, á tilraunastigi, í þróunarfasa eða í frumgreiningu:

- **Innritun í grunnskóla**
  Umbreyting á öllu ferlinu við innritun í grunnskóla, starfsmannaviðmót, ný umsókn á mínum síðum, upplýsingasíða og fræðsluefni.
- **Mínar síður**
  Nýtt svæði inn á nýjum vef reykjavik.is (umsóknir skóla- og frístundasviðs).
- **Fræðslukerfi - Torgið**
  Stafrænt fræðslukerfi sem gefur öllum starfsmönnum borgarinnar auðvelt og jafnt aðgengi að þjálfun og fræðslu.
- **Ráðningakerfi**
  Miðlægð lausn til að einfalda ráðningaferlið, bæði fyrir stjórnendur sem og umsækjendur.
- **Styrkjagátt**
  Einn staður fyrir alla styrki borgarinnar.
- **Atvikaskráningarkerfi / áhættumat / vinnsluskráning**
  Miðlæg lausn fyrir skráningar.
- **Prentun í skýið**
- **Microsoft 365**
  Innleiðing hefst á skóla- og frístundasviði í haust.